

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**735. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 30. janúar 2012
kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

Dagskrá:

1. Verkstjóri áhaldahúss og forstöðumaður tæknideildar.
2. Bréf Auðbjargar Magnúsdóttur
3. Erindi Selasiglinga ehf.

Afgreiðslur:

1. Frestað til næsta fundar.
2. Lagt fram bréf Auðbjargar Magnúsdóttur dags. 24. janúar 2012, þar sem óskað er eftir lækkun á gjaldskrá hitaveitu í Grænahvammi. Ástæða beiðninnar er lágur þrýstingur og lágt hitastig vatnsins. Byggðarráð sér sér ekki fært að verða við beiðninni. Elín Jóna Rósinberg vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar sökum vanhæfis.
3. Lagt fram bréf Selasiglinga ehf. dags. 27. janúar 2012. Beiðni um styrk allt að kr. 500.000 vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækisins. Byggðarráð samþykkir að vísa erindinu til afgreiðslu sveitarstjórnar. Samþykkt að taka á dagskrá.
4. Bréf Staðarskála ehf. dags 18. janúar 2012. Ósk um lækkun fasteignagjalda á gamla Staðarskála. Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga er lögð skylda á sveitarfélög að leggja á fasteignaskatt samkvæmt skrá fasteignamats ríkisins ár hvert, skýrt er tekið fram hvernig flokka beri húsnæði í a, b eða c flokk og engin heimild til breytinga þar á. Fasteignir Staðarskála eru skráðar í c flokk. Byggðarráð hafnar því erindinu.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14.36

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán Einar Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Áheyrnarfulltrúar:

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson